



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

## Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

### 6. fundur 2009 (8. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 16.10.2009 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson  
Sigurður Thoroddsen  
Steinþór Einarsson  
Páll Svavar Pálsson  
Eiríkur Bjarnason,  
Magnús Guðmannsson

formaður skipulagsnefndar  
skipulagsnefnd  
"  
byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Garðs  
ritari skipulagsnefndar  
skipulags- og byggingarfulltrúi

#### 1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005 - 2025

Lagðar voru fram tillögur stjórnar Keflavíkurflugvallar ohf að breytingum á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005 – 2025 og gerði Magnús Guðmannsson skipulagsfulltrúi grein fyrir tillögunum. Um er að ræða þriðju breytingu á aðalskipulaginu frá brottför Varnarliðsins en hinar fyrri vörðuðu afsal lands til Sveitarfélagsins Garðs og Sandgerðisbæjar. Tillagan sem nú er til umfjöllunar varðar afsal lands til Reykjanesbæjar.

Helstu atriði skipulagstillögunnar eru eftirfarandi:

- Landnotkun á svokölluðum C svæðum gagnvart Reykjanesbæ fellur niður á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar og verður til ráðstöfunar í aðalskipulagi Reykjanesbæjar
- Sýndir eru tengivegir nálægt mörkum skipulagssvæða
- Háspennustrengur til Helguvíkur er sýndur á skipulagssvæðinu
- Hávaðamörk flugvallarins samkvæmt skýrslu Línuhönnunar eru sýnd á uppdrættinum
- Sýnd er lega sporbrautar en hennar er getið í greinargerð með gildandi aðalskipulagi en ekki sýnd á uppdrætti og er því ekki um raunverulega breytingu að ræða
- Sýndur er skiki (þríhyrningur) á efra Nikkel-svæði (svæði Varnarmálastofnunar)

Sigurður Thoroddsen gerði grein fyrir athugasemdum sínum við skipulagstillöguna og eru þær þessar helstar:

- Gera þarf grein fyrir hvaða greinar greinargerðarinnar með aðalskipulaginu gilda ekki lengur
- Umsagnir lögbundinna umsagnaraðila vantar
- Sporbraut er matsskyld framkvæmd og fellur hún því sjálfkrafa undir umhverfismat áætlana. Þarf því að gera stutta umhverfismatsskýrslu með breytingunum á aðalskipulaginu



Ákveðið var að hafa umfjöllun um sporbrautina óbreytta í skipulaginu, þ.e.a.s. eingöngu í greinargerð og verður því umhverfismatsskýrslan óþörf að sinni en umhverfismatið fer fram við heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Aðalskipulagsbreytingin verður áfram í vinnslu hjá KEF ohf og mun koma aftur til skipulagsnefndarinnar með þeim breytingum sem rætt var um á fundinum.

Skipulagstillagan varðar einnig skipulagssvæði Varnarmálastofnunar (svæði B) og er hún enn í vinnslu hjá stofnuninni.

2. **Reglugerð um hávaða – túlkun ákvæðis um nýja byggð að gömlum flugvelli o.fl.**  
Engin viðbrögð hafa borist frá Umhverfisstofnun varðandi fyrirsögn um túlkun stofnunarinnar á reglugerð um hávaða sem gerð var með bréfi Keflavíkurflugvallar ohf, dags. 30.06.2009. Málið er því enn í vinnslu.
3. **Verklagsreglur um samvinnu ráðgjafahóps KEF ohf í skipulagsmálum og skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar**  
Áfram var fjallað um drög að verklagsreglum um samvinnu ráðgjafahóps KEF ohf í skipulagsmálum og skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar. Sigurður Thoroddsen gerði grein fyrir athugasemdum sínum við drögin.  
  
Formanni skipulagsnefndarinnar var falið að vinna áfram að gerð samskiptareglanna og leggja þær fram að nýju á næsta fundi nefndarinnar.
4. **Næsti fundur skipulagsnefndar**  
Næsti fundur skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar er fyrirhugaður föstudaginn 27. nóvember 2009.

Fleira ekki gert, fundi slitið.